



Jafnréttisstarf

í Menntaskólanum að Laugarvatni

skólaárið 2020-2021

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Freyja Rós Haraldsdóttir

Laugarvatni, júní 2021



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Jafnrétti – grunnþáttur menntunar	2
Ekki er allt gull sem glóir	3
EKKO.....	3
Hef gátlistinn <i>jafnrétti og kynheilbrigði</i>	3
Mímír – nemendafélagið.....	5
Stjórn nemendafélagsins - kynjahlutföll	5
Mímingur.....	6
Sjúk ást	6
Dansað gegn ofbeldi	6
Hinseginfélag.....	7
Kyngreindar upplýsingar	8
Nemendur – kynjahlutföll	8
Starfsfólk og kennarar – kynjahlutföll.....	9
Næsti vetur 2021-2022	10

Inngangur

Í vetur gegndi Freyja Rós Haraldsdóttir stöðu verkefnastjóra sem jafnréttisfulltrúi, Jóna Katrín og Halldór Páll Halldórsson skólameistarar bera ábyrgð á jafnréttisstarfi í Menntaskólanum að Laugarvatni og Karen Dögg Bryndísardóttir situr í jafnréttisráði. Einn nemandi úr hverjum bekk er í jafnréttisnefnd Mímis. Jafnréttisnefnd er hópur í Office365 og í skjölum hópsins eru gögn varðveitt og viðhaldið. Jafnréttisfulltrúi uppfærir meðlimi hópsins þegar breytingar verða.

Hér verður stiklað á því helsta sem jafnréttisráð og jafnréttisnefnd Mímis stóð fyrir á árinu ásamt venjubundinni samantekt á kyngreindri tölfræði og vangaveltum um framhaldið. Vegna Covid 19 lá jafnréttisstarfið á tímabilum í láginni en það var þó ýmislegt sem vannst, sérstaklega á vorönninni.

Fundað var með reglubundnari hætti með stjórnendum skólans heldur en áður hefur verið gert. Í jafnréttisáætlun skólans sem samþykkt var í febrúar 2020 var ákveðið að haldnir yrðu fastir fundir í október og febrúar þar sem kynjasambættling í skólastarfinu yrðu rædd. Þetta reyndist einkar vel og þjónar markmiðinu: *að halda jafnréttisumræðu lifandi, jafnréttisstarf sé markvisst og stöðugt í deigluinni*. Fundargerðir voru vistaðar í fundargerðamöppunni í kennarahópnum á Teams fyrir alla formlega fundi á vegum jafnréttisfulltrúa í vetur, en þeir voru sex talsins.

Því tengt, að halda jafnréttisumræðunni á lofti, má nefna að hugverkasamkeppni JAKÍ var auglýst á veggjum skólans, með plakati og tölvupóstum. Jafnréttisfulltrúi prentaði út auglýsingu ásamt þeim hugtökum sem voru tekin fyrir í keppninni. Enginn í ML tók þátt en það dregur ekki úr gildi þess að nýta svona tækifæri til að tala um jafnrétti.

Jafnrétti – grunnþáttur menntunar

Jafnrétti sem grunnþáttur menntunar var tekinn fyrir á fundi kennara í lok janúar. Freyja og Karen fóru yfir skilgreiningar á hugtökum og ástæður þess að þetta kemur okkur öllum við. Jafnrétti í skóla er skilgreint í víðu samhengi (ekki bara út frá kynjabreytunni) og það snertir:

1. **Inntak kennslu** – þekking - hverju miðlum við?
2. **Námsaðferðir** – atorka – hvað gerum við?
3. **Námsumhverfis** – manngildi – hvernig erum við?

Stöllur útskýrðu hvern þátt fyrir sig og tóku dæmi. Góðar umræður sköpuðust í þessum góða hópi. Það er ekki slæmt hlutskipti að vera „femínistarnir“ í ML. Kaffistofuspjallið beinist oft að jafnréttismálum, sem er líflegt og skemmtilegt. Kynjuð orðræða, kynjahlutföll í skólanum, menningarnám og útlitsdýrkun er meðal þeirra málefna sem gert var út um í vetur. Það er dýrmætt, og ekki sjálfgefið að jafnréttismál séu á dagskrá og um þau rætt á gagnrýninn en vinsamlegan hátt, í hversdagslegu samhengi innan stofnunar. Það er tilfinning jafnréttisfulltrúa að almennt ríki áhugi og skilningur á mikilvægi jafnréttis og jafnréttisstarfs í ML. Enda hluti af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna! Allir með.



Ekki er allt gull sem glóir

Miðvikudaginn 14. apríl var hádegisfyrirlestri á Zoom varpað upp í fyrirlestrasalnum og hann auglýstur meðal alls starfsfólks skólans. Fimm manns (konur) mættu, sumir með hádegismatinn sinn með sér. Þetta mæltist vel fyrir og verður án efa endurtekið. Það er kannski besta afleiðingin af Covid 19 að aðgengi landsbyggðarfólks að viðburðum, fundum og fyrirlestrum stórbatnar með þessu móti.

Þorgerður Einarsdóttir prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands flutti erindið

„Ekki er allt gull sem glóir: Ísland sem jafnréttisvörumerki“.

„Ísland hefur minnsta kynjabíl í heimi 12. árið í röð samkvæmt skýrslu World Economic Forum sem kom út 30. mars 2021. Fram kemur að það taki 136,6 ár að ná fullum kynjajöfnuði á heimsvísu en hefði tekið 99,5 ár hefði Covid ekki komið til. Hvað býr að baki þegar kynjajafnrétti er mælt með slíkri aukastafsnákvæmni og hvað skýrir forskot Íslands í þessum efnum?“

EKKO

EKKO stendur fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi. Það snertir jafnrétti að EKKO sé í lagi því einelti og áreitni þrífast í samhengi við mismunun og jaðarsetningu. Kynferðiseinelti og vanvirðing fyrir hinsegin fólki má taka sem dæmi. Kynferðislegt ofbeldi og áreitni er ein helsta birtingarmynd kynjamisréttis í samfélaginu okkar og sjálfsagt að allir sem taka jafnréttismál alvarlega horfi sérstaklega á þennan málaflokk. Enda er m.a. spurt um þessa áætlun þegar Menntamálaráðuneytið óskar árlega eftir greinargerð frá jafnréttisfulltrúum skólanna.

Jafnréttisfulltrúi ML situr í samskiptaráði. Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi var síðast endurskoðuð í ML vorið 2018. Í vor fundaði samskiptaráð um áætlunina og ákveðið var að fá fyrirlestur um uppbyggileg samskipti, fyrir allan skólann, seinna um vorið. Hrefna Hugosdóttir, hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi hjá Auðnast, hélt fræðslufyrirlestur 1N, 1F, 2N og 2F. Hvern bekk fyrir sig í 90 mínútur. Þar fór hún yfir skilgreiningar og tók ýmis dæmi um það hvernig tilfinningar, sjálfsmynd og samskipti spila saman, hvað eru heilbrigð samskipti, hvernig leysa má úr ágreiningi, hversu mikilvægt er að tilheyra og fleira á þessum nótum.

Eins og stefnt var að er nú unnið að endurskoðun EKKO-áætlunar, vorið 2021. Hrefna Hugosdóttir verður okkur innan handar í þeirri vinnu. Hún fundaði með Jónu Katrínu, Grímu, Freyju og Halldóri Páli mánudaginn 14. júní með handleiðslu/ráðgjöf til að kortleggja þarfir okkar í þessum málum og fyrstu skref í fræðslu. Hún mun senda hugmyndir að því hvað verði gert í framhaldinu og tímaramma um það. Rætt var um að Auðnast rýni stefnu okkar og viðbragðsáætlun og að við fáum aðstoð við að setja upp fræðsluáætlun/forvarnarplan, bæði varðandi það hvernig við tryggjum þekkingu starfsfólks og svo hvernig við jafnt og þétt uppfræðum nemendur í lífsleiknitímum og/eða umsjónartímum.

Hef gátlistinn jafnrétti og kynheilbrigði

Haldið var áfram að vinna með gátlistann um jafnrétti. Þessu sinni var gátlistinn yfirfarinn á fundi jafnréttisráðs í mars. Hífdóm okkur úr 63% í 73%. Helst eru sóknarfæri varðandi nemendur af erlendum uppruna, skipan í ráð og nefndir og fræðslu til foreldra. Það er um að gera að nýta svona

gátlista til að fá hugmyndir að því hvaða skref er hægt að taka til að bæta starfið. Hér eru þau atriði sem jafnréttisfulltrúi telur að hægt verði að lyfta upp á næsta ári:

1. 1.5 Skólastjórnendur gæta þess að **kynjahlutfall í stjórn nemendafélags, ráðum og nefndum á vegum skólans** sé í samræmi við hlutföll innan skólans.
2. 1.6 Skólinn hefur **viðbragðsáætlun** til að takast á við ójafnt **kynjahlutfall** í stjórnnum, ráðum og nefndum innan skólans.
3. 1.7 Skólinn hvetur kennara til að nýta tækifæri til **endurmenntunar** um jafnrétti og kynheilbrigði.
4. 2.3 Þess er gætt að virðing er borin fyrir margbreytileika og menningu þeirra sem eru af **erlendum uppruna**.
5. 2.6 Umsóknir og kosningar í ráð og nefndir nemenda eru **gagnsæjar, opnar og aðgengilegar öllum** á vefsíðu nemendafélags og skólans.
6. 3.3 Á fyrsta ári í framhaldsskólanum er **foreldrum boðin fræðsla** um samskipti og stöðu kynheilbrigðis meðal ungs fólks.
7. 3.4 Í skólanum er **skólahjúkrunarfræðingur** sem unglingar geta leitað til með kynheilbrigðismál.

Atriði 1, 2 og 5 varða nefndir og ráð á vegum skólans. Það má segja að það sé viðleitni af hálfu skólans að jafnréttisfulltrúi haldi saman kyngreindum upplýsingum og hengi upp kynjahlutföll liðinna ára í stjórninni. Á heildina litið er það svo að kynjahlutföllin eru í samræmi við hlutföll innan skólans. Samkvæmt jafnréttisstefnu menntaskólans þá á að gæta að jöfnu kynjahlutfalli í nefndum og ráðum og vissulega eru kynjahlutföllin rædd þegar skipað er í nefndir. Þannig að kannski eru þessi mál í betri farvegi en talið var. Ein hugmynd er að skólameistari taki sér það leyfi að fjölga þeim sem sitja í ráði eða nefnd ef það þarf að auka fjölbreytileika. Til dæmis í jafnréttisráði, þar sem tveir helstu sérfræðingar skólans sitja ásamt kjörnum fulltrúum nemendafélagsins í embætti jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa og skólameistara. Í vetur voru þær allar kvenkyns. Þá gæti verið ástæða til að stækka hópinn og fá karlkyns starfsmann og nemandu til að sitja einnig fundi jafnréttisráðs.

Atriði 5, nr. 2.6 í gátlistanum, um að hafa kosningar gagnsæjar, opnar og aðgengilegar öllum á vefsíðu nemendafélags og skóla, mætti hæglega bæta og hugmyndir hafa verið um að kosningar í stjórn nemendafélagsins fari fram í gegnum Innu. Þá mætti hugsa sér að umsjónarkennarar komi með einhverjum hætti að því að kynna kosningar og hvetja nemendur til að bjóða sig fram. Það bar nokkuð á því í kringum síðustu kosningar að nemendur voru illa upplýstir um hvað málið snerist yfir höfuð, en það skýrist mikið til af Covid ástandinu. Munum að orð hafa áhrif og einstaklingar sem tilheyra jaðarsettum hópi eða væru að fara út fyrir boxið með því að bjóða sig fram í ákveðin embætti gætu verið líklegri til þess með hvatningu frá kennaranum sínum.

Atriði 3, nr. 1.7 í gátlistanum um að hvetja kennara til að nýta tækifæri til endurmenntunar um jafnrétti og kynheilbrigði væri upplagt að hafa í huga við gerð starfsþróunaráætlunar sem liggur fyrir að vinna næsta haust. Einnig stendur til að endurskoða stofnanasamning skólans og þá gæti verið tækifæri til að umbuna sérstaklega fyrir endurmenntun á þessum sviðum (og það mætti útvíkka til allra grunnþátta menntunar og/eða alls sem snertir heilsueflandi skóla).

Atriði 4, nr. 2.3 í gátlistanum, yrði haft í huga við endurskoðun áætlunar um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þetta er spurning um markvissa og skipulagða nálgun.

Atriði 6, nr. 3.3 á gátlistanum, um fræðslu til foreldra er mjög spennandi mál. Jafnréttisfulltrúi gæti hugsað sér að bjóða upp á slíka fræðslu, til dæmis á aðalfundi foreldrafélagsins eða í gegnum



Teams. Það þyrfti ekki að vera viðamiknið og einn liður í þessu væri einfaldlega að miðla til foreldra hvar þeir geti kynnt sér þessi mál nánar.

Atriði 7, nr. 3.4 í gátlistanum, snertir aðgengi að skólahjúkrunarfræðingi sem hægt er að leita til með kynheilbrigðismál. Í tengslum við umbótaáætlun vegna innra mats verður unnið að bættu aðgengi að hjúkrunarfræðingi næsta vetur. Heilsugæslan í Laugarási mun vonandi koma að því með heimsókn hjúkrunarfræðings í bekki og skólaskjárinn/tölvupóstur verður nýttur til að minna nemendur á hvaða leiðir eru færar þegar þau þurfa þessa þjónustu.

Mímír – nemendafélagið

Jafnréttisfulltrúar Mímis sem kjörnar voru 2020 voru Ingibjörg Gísladóttir og Sigurlinn María Sigurðardóttir. Við tóku í febrúar Ásdís Björg og Hafdís. Samstarf við þær allar var sérstaklega gott og þær áttu frumkvæði að fundum og aðgerðum. Það var ánægjulegt að finna að þær nutu traust samnemenda sinna sem leituðu til þeirra þegar þau upplifðu pott brotin í samskiptum við samnemendur eða kennara sína og þær báru slík mál upp við jafnréttisfulltrúa skólans. Þetta er menning sem við viljum fósra. Við viljum fá slík mál fram, vera gagnrýnin á nærumhverfi okkar (þó það geti tekið á) og gera okkar besta til að taka á þeim á uppbyggilegan hátt, í bráð og lengd.

Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar (bæði fyrri og seinni á tímabilinu) nýttu líka skólaráðsfundi til að setja jafnréttismál á dagskrá. Það var eftir umræðu á þeim vettvangi sem tíðarvörur á klósettin komu aftur eftir nokkra fjarveru og skólameistari pantaði regnbogafánann.

Þennan veturinn hafðist ekki að setja *Jafnréttisáætlun Mímis*, með tímasettum aðgerðum, eins og árin á undan en við tókum upp þann þráð næsta vetur. Það er alltaf markvissara að vinna eftir aðgerðaáætlun. Það aftraði okkur þó ekki í því að koma ýmsu í verk.

Stjórn nemendafélagsins - kynjahlutföll

Í stjórn nemendafélagsins sem kjörin var 15. febrúar 2021 völdust 10 stelpur og 4 strákar. Síðar urðu breytingar og nýr gjaldkeri tók við; stelpa í stað stráks. Svo stelpurnar eru 11 og strákarnir 3, sem gerir 79% stelpur og 21% strákar. Þar með eru kynjahlutföll í stjórn nemendafélagsins ennþá skakkari en í nemendahóp skólans. Samtals á árunum 2016-2020 (5 ára tímabil) voru strákar 45% stjórnarmeðlima og stelpur 55%. Stákar voru þá alltaf 5-8 talsins af þeim 14 sem skipa stjórnina.

Í nokkrum embættum voru hefðbundin hlutverk brotin upp; stelpur sem skemmtinefndarformenn, vef- og markaðsfulltrúi og stallari. Strákarnir þrír eru ípróttaformenn og tómsundaformaður og það er í samræmi við kynjamynstrið sem sést hefur í þeim embættum.

Jafnréttisfulltrúi hengdi upp plakat sem sýndi kynjahlutföll í stjórn nemendafélagsins síðustu 5 ár á undan, áður en kosningarnar fóru fram. Fyrir kosningar næsta vor þyrfti að bregðast við með beittari hætti. Það er stefna skólans að kynjahlutföll í nefndum og ráðum séu sem jöfnust. Í gátlista HEF um jafnrétti er miðað við að hlutföllin endurspegli hlutföllin í hópnum í heild. Það er mikilvægt að strákarnir fái að finna og heyra og sjá að nemendafélagið er þeirra vettvangur ekki síður en stelpnanna. Þeir eiga að hafa jafnt aðgengi að þeirri ábyrgð og reynslu sem fæst með því að sitja í stjórninni. Ein leið sem gæti haft áhrif er að vekja athygli foreldranna á því þegar kosningar eru framundan, skýra þeim

frá því hvernig kynjahallinn er og almennt fá þau með í lið við að hvetja börnin sín til að bjóða sig fram. Einnig mætti virkja umsjónarkennara á þessum vettvangi. Öflug þátttaka í kosningum nemendafélagsins skiptir máli í víðu samhengi því í skóla sem vill undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi viljum við sjá öflugt nemendalýðræði. Að það þurfi að draga fram framboð og oft sé einungis eitt framboð í hvert embætti er ekki heilbrigðismerki í þessum efnum.

Mímingur

Mímingur (slúðurblað eftir böll) verður ekki lengur gefinn út, fyrst og fremst vegna vegna persónuverndarsjónarmiða. Fylgjast þarf með því að þessi síður finni sér ekki nýjan óheppilegan farveg. Til dæmis mætti sjá fyrir sér að viðkvæmum persónulegum upplýsingum og hvers kyns slúðri væri dreift í gegnum einhvern samfélagsmiðilinn, jafnvel í lokuðum hópum. Það varðar jafn mikið persónuvernd eins og blöðungurinn gerði og hefur í för með sér sömu hættu á drusluskömmun og kynferðiseinelti. Þetta varðar skólabraginn og menninguna sem er fósturuð í félagslífi ML og skólayfirvöld þurfa áfram að axla sína ábyrgð þar, veita nauðsynlegt aðhald og bregðast við ef þörf krefur.

Skólastjórnendur hafa hvatt nemendafélagið til að efla annars konar útgáfu, gefa til dæmis út veglegt skólablað með reglubundnari hætti en verið hefur. Vonandi mun það ganga eftir.

Annar angi á slúðurmenningunni er „Skræðan“ sem fjallað var nánar um í síðust skýrslu. Jafnréttisfulltrúi sendi tölvupóst á höfunda skräðunnar í ár en fékk ekki viðbrögð.

Sjúk ást

Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar voru í sambandi við Stígamót, áttu von á að fá sendan varning vegna herferðarinnar og ætluðu að vera með viðburð en Covid19 kom í veg fyrir það. Hafdís og Ásdís deildu þó upplýsing um Sjúk ást herferðina á samfélagsmiðlum og Freyja hengdi upp plakat á stigahandriðið.

Dansað gegn ofbeldi

12. febrúar var dansað gegn ofbeldi. Skólameistari bað kennara um að lengja tíufrímínúturnar um 5 mínútur í hvorn enda. Sigurlinn og Ingibjörg, jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar, auglýstu á skemmtistúss og báðu Einar tólmstundaformann að sjá um tækni og tónlist. Það var sannkallað stuð. Næst höfum við betri fyrirvara á þessu og fáum enn fleiri til að mæta.



Hinseginfélag

Mánudaginn 10. maí 2021 klukkan 16:00-16:30 í fyrirlestrasal var haldinn fyrsti formlegi fundur um stofnun hinseginfélags í ML. Hugmyndin kom upp á fundi í febrúar. Hafðís og Ásdís Björg í framhaldinu lögðu nafnlausu Forms könnun fyrir nemendur. 45 svöruðu og af þeim vildu 41 að slíkt félag yrði stofnað. 20+ sögðust vilja vera í félaginu og níu nemendur lýstu áhuga á að koma að stjórn og stofnun félagsins.

Telma Eik gerði valverkefni í stjórn málafræði hjá Freyju þar sem hún kannaði hvað hefur verið gert í öðrum svona félögum, velti fyrir sér hvernig væri hægt að skipuleggja starfið og tók saman nokkrar ástæður fyrir því að hinseginfélag er mikilvægt. Hún kynnti niðurstöður sínar á fundinum. Í kjölfarið voru umræður um hvernig væri hægt að hafa þetta í ML og hver væru næstu skref.

Fundarmeðlimir voru sammála um gildi þess að á haustin yrði hinseginvika fastur liður, í samstarfi við kynjafræðikennarann. Rætt var um möguleika á fornafn snælum og bíókvöldi. Lagt var til að nefna félagið Valkyrjur og það fékk góðar undirtektir. Til stendur að stofna Instagram reikning, eins og hinseginfélag Suðurlands hefur gert (um að gera að fylgjast með þeim líka og hugsanlega hafa samstarf). Það væri gott að hafa félagið sem nefnd/klúbb í Mími undir jafnréttis- og skólaráðsfulltrúum. Huga þarf að lagabreytingum á næsta aðalfundi Mímis.

Rannsókn Telmu Eikar var flottur byrjunarpunktur fyrir félagið. Fólkið sem hún tók viðtal við gætu verið góðir tengiliðir fyrir þau sem koma félaginu á koppinn næsta vetur. Stofnfundur verður haldinn á fyrstu vikum haustanna. Þá verður skipulagið útfært nánar.




Kyngreindar upplýsingar


Áfram er unnið með gagnagrunn í Excel skjali sem vistað er í hópnum *Jafnréttisnefnd* í Office 365. Jafnréttisfulltrúi geymir skjalið líka í fórum sínum.

Nemendur – kynjahlutföll

Haustið 2020 hófu 146 nemendur nám við skólann, 43 strákar (29%) og 103 stelpur (71%).



Vorið 2021 útskrifuðust 37 nemendur, 12 strákar (32%) og 25 stelpur (68%).




Kynjaskekkja í hópi nemenda hélst svipuð á milli ára, eins og myndirnar sýna. Það er erfitt að bregðast með beinum hætti við þessum viðvarandi halla en það er mikil meðvitund um hann innan skólans og nokkur viðleitni til að taka skref sem hugsanlega myndu hafa jákvæð áhrif. Jafnréttisfulltrúi

(með hatt gæðastjóra, í samhengi við innra mat) hafði samband við UMFL til að koma á körfuboltaæfingum fyrir menntaskólanemendur á næsta ári. Viðskiptafræði og lögfræði verður sett inn sem skylduáfangi í brautarskipulagi félags- og hugvísindabrautar sem tekur gildi haustið 2022 (greinar sem drengir sækja frekar í samkvæmt yfirliti frá ráðuneytinu). Lagt var til að auglýsa ML á samfélagsmiðlum með fókus á stráka í 10. bekk í þeirri von að fleiri þeirra hugsi til skólans þegar þeir sækja um framhaldsskólavist. Ekki varð úr því þessu sinni en kannski tökum við frekar umræðu um þetta fyrir næsta vor.

Það lítur út fyrir að brottfall sé ekki kynjað. Af þeim sem luku námsmati í vor 30% piltar en þeir voru 29% þeirra sem innrituðust að hausti (1% aukning frá innritun að námsmati). Þau sem útskrifuðust vorið 2021 voru 32% piltar en þegar þau innrituðust haustið 2018 voru strákarnir 33% (1% fækkun frá innritun að útskrift). Enda vakti það athygli þegar niðurstöður voru rýndar úr Ungt fólk rannsókninni frá R&G að strákar í ML voru langt undir landsmeðaltali og þróunin í rétta átt miðað við síðustu könnun, varðandi ýmsa þætti sem snerta nám og líðan. Sem dæmi eru bara 3% stráka í ML sem svara því að *námið sé oft eða alltaf tilgangslaust* (landsmeðaltalið er 13% og síðast var það 12% í ML). Þeir eru líklegri til að segjast leggja rækt við námið og enginn segir að það eigi oft eða alltaf við sig að sér líði illa í skólanum (landsmeðaltal 10%).

Starfsfólk og kennarar – kynjahlutföll



36 manns starfa við skólann, 21 kona (58%) og 15 karlar (42%). Þetta er samkvæmt talningu á ml.is (starfsfólk) en ekki voru taldar með tvær sem eru fæðingarorlofi og ein sem ekki kennir lengur. Einn starfsmann úr mótuneytinu vantaði á síðuna en hann var talinn með. Í starfsmannahópnum hefur kynjaskekkjan minnkað því í fyrra, þá voru karlar 34% en konur 66%.

Karlar eru þriðjungur í kennarahópnum, sem telur 6 karla og 12 konur. Það er jafnara hlutfall en síðustu tvö ár á undan. Karl og kona skiptust á að vera skólameistarar í vetur. Er það ekki eitthvað?

Næsti vetur 2021-2022

Stjórnendur fengu sendan gátlista sem sýnir hvernig tókst að fylgja jafnréttisáætlun skólans þennan veturinn. Næsta vetur þarf að muna betur að senda pósta til að minna á ábyrgð ýmissa aðila og almennt að vekja athygli á jafnréttisáætlun skólans og EKKO áætluninni.

Áfram verður unnið að endurskoðun EKKO áætlunar og forvarnir efdar í þeim málaflökki.

Á gildistíma áætlunarinnar á að vera „skipulagður viðburður/fyrirlestur um jafnréttismál fyrir nemendur og starfsfólk“ að minnsta kosti tvisvar á tímabilinu 2020-2023. Eins og fyrr segir hélt Hrefna Hugosdóttir EKKO/samskiptafyrirlestur fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Næsta vetur verður vonandi hægt að fá annan spennandi fyrirlestur. Það skoðast í haust í samráði við jafnréttisnefnd Mímis.

Skólastarf verður vonandi með hefðbundnu sniði næsta vetur, ótruflað af veirunni skæðu, og þá ættu að vera betri forsendur til að virkja alla jafnréttisnefndina og stjórn nemendafélagsins í heild meira en var í vetur. Þá verður sett aðgerðaráætlun Mímis eins og áður hefur verið.

Kynjahlutföll í skólanum og félagsstarfi nemenda verða áfram til umfjöllunar. Kannski förum við í markvissari auglýsingar á samfélagsmiðlum. Körfuboltaæfingarnar gefa vonandi góða raun og ef til vill verður hægt að efla skipulagt íþróttastarf enn frekar og halda því á lofti.

Hinseginfélagið er í burðarliðunum og því verður fylgt vel eftir í haust.

Til stendur að „taka ljósmyndir og setja inn lýsingar á aðgengi“. Okkur langaði að ljúka því í vetur (þó áætlunin gefi frest til vors 2023). Vonandi kemst þetta í framkvæmd næsta haust. Þá verður líka framkvæmdum á skólahúsnæðinu lokið og betri forsendur til að taka góðar myndir.

Í október 2021 má ætla að ML geti státað af jafnlaunavottun. Þá verður kaka.

Jafnréttisfulltrúi heldur áfram að starfa eftir tíu minnisþingum sem urðu til í mastersverkefninu *Að virkja framhaldsskólanema til jafnréttis í félagslífi: Starfendarannsókn jafnréttisfulltrúa* :

1. Hugsjónin
2. Forysta
3. Andstaða
4. Togstreita
5. Fræðsla
6. Samræður
7. Formlegt á eigin forsendum
8. Úthald
9. Heilindi og sátt
10. Samstaða



Við erum á góðri siglingu. Sérstakar þakkir til Karenar Daggar sem er ómetanlegur bandamaður í jafnréttisstarfinu.